



Evrópsk Samgönguvika – ætlar þitt sveitarfélag að taka þátt?

Þátttaka í Samgönguviku er frábær leið fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og félagasamtök til að vekja athygli á og hvetja til vistvænna samgangna.

Evrópsk Samgönguvika er haldin dagana 16. – 22. september ár hvert og hafa borgir, bæir, fyrirtæki og félagasamtök á Íslandi tekið þátt í þessu skemmtilega átaki frá árinu 2002. **Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur málið**, en markmið vikunnar er að kynna fyrir íbúum í þéttbýli fjölbreytta samgöngumáta sem eru vistvænir, hagkvæmir og bæta heilsu fólks um leið og þeir hafa jákvæð áhrif á umhverfið.

Þema samgönguviku árið 2026 er *Samgöngur fyrir öll* þar sem m.a. er horft til vistvænna samgangna þvert á kynslóðir, aðgengismál ólíkra hópa og innan sveitarfélaga. Skemmtilegir viðburðir eins og hjólaleiðsögn, samhjól og önnur skemmtileg nálgun á vistvænar samgöngur er þó ekki síður velkomin.

Síðustu ár hafa sveitafélög, félagasamtök og fyrirtæki staðið fyrir ýmsum viðburðum í tengslum við vikuna til að vekja athygli á málefnum. Fjöldi fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga eru líka að gera góða hluti, sem tilvalið er að nýta Samgönguviku til að vekja athygli á. Samgönguvika er til að mynda góður vettvangur til að gera verkefni tengd vistvænum samgöngum, sem ýmist eru í undirbúningi eða í framkvæmd meira sýnileg.

Meðal viðburða sem hafa tekist vel undanfarin ár eru m.a. samgönguráðstefna, hjólasýning, samhjól sveitarfélaga, formlegar opnanir nýrra hjólastíga og lokun gatna í tilefni Bíllausa dagsins – en á þeim degi hefur Strætó og Landsbyggðastrætó gefið frítt í strætó.

Frekari upplýsingar er hægt að fá með því að senda póst á netfangið anna.einarsdottir@urn.is, ef þú eða þitt fyrirtæki eða stofnun hafið áhuga á að vera með í þessu skemmtilega verkefni.

Nánar um átakið má lesa á www.mobilityweek.eu

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/vidburdir/evropsk-samgonguvika/>